

Samningur um framlengingu samnings Strætó bs. og Hópbíla Kynnisferða ehf.

Samningskaup nr. 13446

Samningur þessi snýr að framlengingu á samningi Strætó bs. og Hópbíla Kynnisferða ehf. frá desember 2015 um Akstur almenningsvagna á höfuðborgarsvæðinu (Samningskaup nr. 13446).

Eins og kemur fram í kafla 0.6.2.1 þá hefur rekstraraðilinn rétt á framlengingu samningstímans um allt að 4 ár, allt að tvisvar sinnum um 2 ár í hvert skipti. Skilyrði fyrir framlengingu eru að rekstraraðili *veiti lágmarks gæði m.t.t. ánægju viðskiptavina (gæðavísir), lágmarks aksturshlutfall (þjónustugráða) og fer ekki yfir ákveðið hámark sekta, sem er 0,13% af árlegri samningsfjárhæð rekstraraðila.*

Gæðavísitala

Í meðfylgjandi töflu má sjá útreikninga á gæðavísitölu Hópbíla Kynnisferða ehf. sem unnir eru út frá Viðhorfskönnun Strætó 2018. Allar leiðir Hópbíla Kynnisferða ehf. voru notaðar í útreikningunum nema leiðir 35 og 36 þar sem ekki fékkst nægur fjöldi svara fyrir þær leiðir.

Lágmarksgæðavísir í samningskaupunum var 39.0 og því hafa Hópbílar Kynnisferða ehf. veitt lágmarks gæði samkvæmt samningi. Hins vegar var boðinn gæðavísir Hópbíla Kynnisferða ehf. 41.22 og því hefur boðinn gæðavísir ekki verið uppfylltur.

Gæðavísir Hópbílar Kynnisferða ehf.	Einkunn	Mikilvægi	Hluti af gæðavísi
Hitastigið í vagninum	4.08	1.11	4.52
Umhirða vagnsins að innan	4.03	1.11	4.47
Mætti á réttum tíma	4.01	3.33	13.36
Viðmót vagnstjórans	3.99	2.22	8.85
Aksturslag vagnstjórans	4.06	1.67	6.78
Ferðin í heild sinni	4.13	0.56	2.31
Gæðavísir samtals			40.30

Lágmarks aksturshlutfall

Boðið aksturshlutfall Hópbíla Kynnisferða ehf. var 99.95%. Lágmarkskrafa á innkaupaeyningu í samningskaupunum er ákvörðuð 99,90%. Hingað til hefur aksturshlutfall ekki verið reiknað út.

Sektir

Í meðfylgjandi töflu má finna samantekt á þeim sektum sem Hópbílar Kynnisferða ehf. hafa fengið á fyrstu þremur árum samningstímabilsins. Eins og sjá má í töflu hefur hlutfall sekta Hópbíla Kynnisferða ehf. verið undir hámarki á tímabilinu.

AR. BR

Sektir til verktaka		
Hópbílar Kynnisferða ehf.		
Tímabil	Krafið	Viðmið
Ágúst 2016 - júlí 2017	0	1,753,072
Ágúst 2017 - júlí 2018	1,985,799	2,151,064
Ágúst 2018 - júlí 2019	1,435,987	2,433,061
Alls	3,421,786	6,337,197
Meðaltal	0.07%	0.13%


Niðurstaða

Strætó bs. hefur yfirfarið ofangreind atriði og komist að þeirri niðurstöðu að rekstraraðilinn Hópbílar Kynnisferða ehf. eigi rétt á framlengingu samnings.

Undirritaðir aðilar, annars vegar Byggðasamlag Strætó bs., kt. 500501-3160, og hins vegar Hópbílar Kynnisferða ehf. kt.: 461291-1399 samþykkja hér með framlengingu samnings Strætó bs. og Hópbíla Kynnisferða ehf., um Akstur almenningsvagna á höfuðborgarsvæðinu, Samningskaup nr. 13446, um 2 ár, frá upphafi vetraraksturs í ágúst 2020 til loka sumarasturs í ágúst 2022.

Að öðru leyti er vísað til samningskaupagagna Strætó bs. og Hópbíla Kynnisferða ehf. frá desember 2015 um Akstur almenningsvagna á höfuðborgarsvæðinu (Samningskaup nr. 13446).


Staður



Dagsetning

23.12.2019

Kaupandi þjónustu


F.h. Strætó bs.

Rekstraraðili



F.h. Hópbíla Kynnisferða ehf.